

Akureyri, 28. ágúst 2020

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

**Efni: Stutt greinargerð um framkvæmd verkefna sem unnið verður að á árinu 2020 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun þar að lútandi.**

Í bréfi frá Jöfnunarsjóði, dags. 16. júní sl., er óskað eftir stuttri greinargerð um framkvæmd verkefna innan sóknaráætlunar á árinu 2020 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun þar að lútandi.

Í samningi um sóknaráætlun kemur fram að landshlutasamtökin skipi samráðsvettvang sem hafi beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og sé upplýstur um framgang hennar. Samráðsvettvangur SSNE er skipaður 41 fulltrúa með breiðan bakgrunn. Samráðsvettvangurinn hafði viðamikið hlutverk árið 2016 við endurskoðun sóknaráætlunar og við undirbúning aðgerðaáætlunar. Samráðsvettvangurinn fundaði einnig árin 2017 og 2018 þar sem upplýst var um framvindu þeirra stefnumála og verkefna sem fram komu í sóknaráætlun. Vegna breytinga á starfsmannahaldi Eypings og vinnu við sameiningu Eypings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga var tekin sú ákvörðun að samráðsvettvangurinn myndi ekki funda á árinu 2019 en aukin áhersla yrði lögð á undirbúningsvinnu vegna nýrrar sóknaráætlunar landshlutans 2020-2024. Ný samtök, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), tóku síðan til starfa 1. janúar sl. Á ársþingi SSNE sem verður haldið í október næstkomandi verður tekin ákvörðun um skipun í samráðsvettvang nýrrar sóknaráætlunar Norðurlands eystra og næsta fundartíma.

Í maí 2019 samþykkti stjórn Eypings að fara í samstaf við Capacent um gerð nýrrar sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Ráðgjafar Capacent héldu utan um vinnuferlið ásamt því að stýra fulltrúaráðs- og íbúafundi sem haldnir voru vegna verkefnisins. Ferlið sem sett var upp miðaði að því að meta stöðu landshlutans og móta framtíðarsýn ásamt því að skilgreina megin- og mælanleg markmið í atvinnu- og nýsköpunarmálum, menningarmálum og umhverfismálum. Sóknaráætlunin var unnin í samráði við íbúa svæðisins, kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsmenn Eypings.

Sú stefna sem sett er fram ásamt tilheyrandi áherslum er grundvöllur að allri vinnu við sóknaráætlun Norðurlands eystra. Þannig byggja starfsemi og áherslur Uppbyggingarsjóðs

Norðurlands eystra á henni eins og kveðið er á um í samningi um sóknaráætlun. Sömuleiðis byggja áhersluverkefni landshlutans á þessari stefnu.

Í byrjun árs 2019 samþykkti stjórn Eyþings tíu áhersluverkefni, þar af eitt sem áætlað er til ársloka 2020. Um er að ræða verkefnið Arctic Coast Way/Norðurstrandarleið sem er á ábyrgð Markaðsstofu Norðurlands. Að því undanskildu er tveimur verkefnum ólokið; þ.e. Upptaktinum og Innviðagreiningu á Norðurlandi eystra.

Um mitt ár 2019 var farið í mikla tiltekt í bókhaldi Eyþings vegna ársins 2018. Farið var yfir öll eldri mál sem höfðu dagað uppi og voru rúmar 30 m.kr. fluttar yfir á árið 2019 til endurúthlutunar áhersluverkefna. Þrettán áhersluverkefni voru samþykkt og eru fimm þeirra enn óuppgerð. Um er að ræða Heildarhönnun áfangastaða skv. áfangastaðaáætlun Norðurhjara, Vettvangur ungs fólks á Norðurlandi eystra, Skipulag og hönnun útsýnisstaðar á hafnargarðinum í Þórshöfn, Skjálftasetrið á Kópaskeri – sumaropnun 2019 og Uppbygging Hríseyjar sem ferðamannastaður. Áætlað var að verkefninu Vettvangur ungs fólks á Norðurlandi eystra myndi ljúka snemma á árinu 2020 með ráðstefnu en sökum Covid-19 var ákveðið að færa ráðstefnuna fram á haustið.

Í byrjun árs 2020 samþykkti stjórn SSNE fimm áhersluverkefni. Þau eru Akureyrarflugvöllur – næsta gátt inn í landið, Eimur, Þróun og þekking – Ný nálgun í stoðkerfi byggða, Borgarhlutverk Akureyrar og Nýsköpun í norðri – NÍN.

Í apríl sl. auglýsti SSNE síðan eftir hugmyndum að atvinnuskapandi verkefnum á sviði nýsköpunar-, atvinnuþróunar-, menningar- eða umhverfismála. Fjárhagsrammi úthlutunarinnar markaðist af viðbótarfjármunum af hálfu ríkisins sem veittir voru í sóknaráætlanir landshluta vegna áhrifa Covid-19 á samfélagið. Í maí samþykkti stjórn eftirfarandi 37 áhersluverkefni.

- |    |   |    |   |
|----|---|----|---|
| 1  | Endurskipulagning ferðapjónustu í Grímsey v/Covid | 20 | Menningarviðburðir í Hlöðunni                 |
| 2  | Niðursuðuverksmiðja                               | 21 | Jólasaga                                      |
| 3  | Stórþari  | 22 | Eyja  |
| 4  | Rófurækt á Prestshólum                            | 23 | Gestagata á Melrakkaslétu                     |
| 5  | Stofnun þróunarvettvangs matvælavinnslu           | 24 | Risakusa og dýrin í Eyjafjarðarsveit          |
| 6  | Tónleikaröð á Akureyri Backpackers                | 25 | Markaðssetning fyrir Mela & Bakkaböðin        |
| 7  | Ræktun heitsjávarrækju                            | 26 | Lilja   |
| 8  | Hátækniróðurhús á Norðurlandi                     | 27 | Leiðarvísir um fjallaskíði á Norðurlandi      |
| 9  | Hvíta perlan heilsulind                           | 28 | Störf og afþreying - UMF Eining               |
| 10 | Upptökur á sífónískri tónlist                     | 29 | Matarstígur Helga magra                       |
| 11 | Menningar- og hrútagar á Raufarhöfn               | 30 | Efling sagnamiðlunar                          |
| 12 | Fundir og ráðstefnur heim                         | 31 | Nútímafærsla Skjálftasetursins á Kópaskeri    |
| 13 | Skólatónleikar - Stúlkan í turninum               | 32 | Live Entertainment and Local Culture          |
| 14 | Aukið verðmæti sjávarfangs – Markaðsrannsókn      | 33 | Fullorðið fólk                                |
| 15 | Stafrænt ferðalag um Norðurland/Ísland            | 34 | Starfsemi Þjóðlagasetursins og sumartónleikar |
| 16 | Norðlenskur iðnvíður PCC á Bakka                  | 35 | Framtíðarhúsnæði fyrir Könnunarsafnið         |
| 17 | Í myrkri eru allir kettir gráir                   | 36 | Aukum innlenda framleiðslu                    |
| 18 | Aðstöðusköpun tilraunaræktunar ostru á landi      | 37 | Tónleikaröð í Fræðasetri um forystufé         |
| 19 | Miðbærinn – hjarta Akureyrar                      |    |   |

Í heildina hafa áhersluverkefnið reynst afar árangursrík við að hrinda áherslum sóknaráætlunar í framkvæmd. Þau kalla hins vegar á talsverða vinnu af hálfu starfsmanna SSNE, bæði við undirbúning og eftirfylgni, og í vissum tilfellum með beinni aðkomu. Því er aukinn kostnaður við reksturinn töluverður, sérstaklega þar sem tvær úthlutanir áhersluverkefna voru í ár.

Umsýsla Uppbyggingarsjóðs er í nokkuð föstum farvegi. Auglýst var eftir umsóknum í október og úthlutað í byrjun febrúar. Nefndarmenn fagraða og úthlutunarnefndar fá greidda tiltekna fjárhæð fyrir hverja umsókn og er nokkuð hærri fjárhæð greidd fyrir yfirferð umsókna um stofn- og rekstrarstyrki.

Svipuð verkaskipting er milli starfsmanna í ár eins og verið hefur. Fyrrum verkefnastjórar atvinnuþróunarfélaganna, nú verkefnastjórar SSNE, og verkefnastjóri menningarmála sjá um ráðgjöf og eftirfylgni. Önnur umsýsla og ábyrgð, s.s. með fjármálum er í höndum verkefnastjóra fjármála og framkvæmdastjóra. Í samningi um sóknaráætlun er ákveðin tilgreind fjárhæð ætluð til umsýslu Uppbyggingarsjóðs, eða 12 m.kr., og er næsta víst að umsýsla verður innan þeirra marka á árinu.

*Eftirfarandi er yfirlit um beinan áfallinn kostnað vegna umsýslu sóknaráætlunar.*

Áfallinn kostnaður vegna sóknaráætlunar 2020.....550.000 kr.

Áætlaður áfallinn kostnaður vegna sóknaráætlunar til ársloka 2020.....550.000 kr.

**Samtals áfallinn og áætlaður beinn kostnaður 550.000 kr.**

Áfallinn kostnaður samanstendur af kostnaði við prentun og dreifingu auglýsingabæklings vegna Uppbyggingarsjóðs og kostnaði við auglýsingar í héraðsmiðlum vegna áhersluverkefna. Í núverandi óvissuástandi er ekki hægt að áætla kostnað það sem eftir er árs þar sem ekki er fyrir séð hvort fundir og ferðir komi til.

Eins og fram kemur hér að framan er í ofangreindum kostnaði ekki tekinn með kostnaður sem beint er tengdur rekstri Uppbyggingarsjóðs, s.s. launa- og ferðakostnaður fagraða og úthlutunarnefndar. Auk þess er launakostnaður vegna vinnu framkvæmdastjóra og verkefnastjóra SSNE ekki meðtalinn. Sá kostnaður er umtalsverður en hefur ekki verið sérgreindur. Þá er kostnaður vegna bókhalds og endurskoðunar heldur ekki meðtalinn. Stór hluti af vinnu framkvæmdastjóra og verkefnastjóra undanfarna mánuði hefur tengst sóknaráætlun, einkum áhersluverkefnum, vegna aukaúthlutunar á árinu.

Fyrir hönd SSNE,

Eyþór Björnsson